

Greinargerð með fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2018, fyrri umræðu í bæjarstjórn 9. nóvember 2017

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er lögð hér fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Fjárhagsáætlun er mikilvægasta stýritæki sveitarstjórna. Þar kemur fram stefna og markmið sveitarstjórnar á hverjum tíma. Í þessari áætlun birtist sú stefna að vinna að uppbyggingu sveitarfélagsins ásamt því að halda uppi góðri þjónustu við íbúana og hlúa vel að skólum og umhverfi íbúa.

Almennar forsendur.

Í áætluninni er byggt á rauntölum ársins 2016 og útkomuspá ársins 2017. Bæjarráð, bæjarstjóri, fjármálastjóri, og forstöðumenn stofnanna sveitarfélagsins hafa komið að og yfirfarið áætlunina. Áætlunin hefur einnig verið aðlöguð að ákvæðum gildandi kjarasamninga hvað launakostnað varðar og fjölda stöðugilda innan sveitarfélagsins. Kjarasamningar eru lausir við nokkrar starfsstéttir og því ákveðin óviss um þróun launkostnaðar á næsta ári. Ekki er lokið vinnu við endurskoðun á starfsmati nokkurra starfsgreina innan sveitarfélagsins.

Leitast er við að almennur rekstrarkostnaður annar en laun aukist ekki umfram breytingar vegna verðbólguáhrifa, magnaukningar í rekstri og framlaga. Til þess að þessi markmið náist þarf áfram að vera virkt aðhald í rekstri allra stofnana.

Atvinnuástandið í sveitarfélaginu er mjög gott sem það hefur verið undanfarin ár, þann 1. október voru 5 skráðir atvinnulausir í sveitarfélaginu. Þetta jafngildir 0,4% atvinnuleysi. Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjölda íbúa í sveitarfélaginu 6. nóvember 2017 eru þeir 2.296, samanborið við 2.187 þann 1. janúar 2017. Íbúum hefur því fjölgað um 109 sem er 4,8% fjölgun á síðustu 11 mánuðum. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 1% á ári.

Framboð á íbúðarhúsnæði hefur verið talsvert vandamál í sveitarfélaginu undanfarin ár og töluverð vöntun á leiguíbúðum. Sjálfseignarstofnun hefur hafið byggingu á fjölbýlishúsi með 5 íbúðum, þessar íbúðir verða tilbúnar til búsetu á vormánuðum 2018. Þá hefur Skinney-Þinganes hf. einnig hafið byggingu á fjölbýlishúsi sem í eru 6 íbúðir og verða þær klárar til útleigu á sama tíma.

Sveitarfélagið Hornafjörður samþykkti að fella niður gjöld vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis á tilbúnum lóðum vor 2015 til 24 mánaða. Þetta tímabundna ákvæði var framlengt síðasta vor um 12 mánuði eða til vors 2018. Niðurfellingin er hugsuð til að ýta undir nýbyggingar á svæðinu og getur numið talsverðum upphæðum, allt eftir stærð húsa. Þetta er farið að skila sér því nú er búið að úthluta 18 lóðum, búið að byggja 2 íbúðir og mikill fjöldi að fara af stað á næstu vikum. Í þessari upptalningu er ekki byggingarframlagdir vegna atvinnustarfsemi.

Fasteignamat ríkisins hefur gefið út nýtt fasteignamat sem er grundvöllur fasteignaskatta ársins 2018. Samkvæmt því hækkar fasteignaskattsstofn um 13,8% að jafnaði og landmat um 18,1% á milli ára.

Skatttekjur og aðrar tekjur.

Ekki eru áætlaðar breytingar á álagningarprósentum á árinu 2018. Álagningarprósenta útsvars er 14,52%. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur verði kr. 1.342.445 þús. Álagningarprósenta fasteignaskatts verða óbreyttar á árinu 2017 frá því sem var á árinu 2016, þ.e. 0,5% á A-hluta fasteigna og 1,65% á C-hluta fasteigna. Tekjur af fasteignaskatti eru áætlaðar kr. 216.789 þús. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru áætluð kr. 599.340 þús. og er miðað við sömu forsendur og síðustu ár. Lóðarleiga er áætluð kr. 21.258 þús. Reiknað er með að aðrar tekjur verði kr. 494.265 þús.

Rekstrargjöld.

Áætlunin hefur verið aðlöguð að þekktum þáttum í gildandi kjarasamningum. Fyrirhugaðar breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem komu til framkvæmda 1. janúar 2017 verða væntanlega ekki að fullu ljósar fyrir en á vormánuðum 2018. Útreikningar gagnvart hverju sveitarfélagi hafa tekið lengri tíma en áætlað var.

Rekstrargjöld samstæðunnar fyrir fjármagnsliði er áætluð; laun og launatengd gjöld 1.273.963 þús., annar rekstrarkostnaður er áætlaður 810.321 þús. og afskriftir áætlaðar 127.934 þús. Rekstrargjöld samstæðunnar eru því 83% af heildartekjum og niðurstaða jákvæð um 449.879 þús. án fjármagnsliða. Veltufé frá rekstri er áætlað 584.863 þús.

Helstu niðurstöður A og B hluta

	Upphæðir eru í m.kr.			
	2018	2019	2020	2021
Heildartekjur	2.662.097	2.662.097	2.662.097	2.662.097
Heildargjöld	2.212.218	2.206.773	2.214.498	2.224.088
Fjármagnsliðir (gjöld)	(43.043)	(34.803)	(27.173)	(22.225)
Rekstrarniðurstaða	406.836	420.521	420.426	415.784
Skuldir og skuldbindingar	1.438.145	1.374.681	1.327.831	1.317.509
Skuldir og skuldb. í hlutfalli af tekjum	54,0%	51,6%	49,9%	49,5%
Fjárfestingar	(500.000)	(350.000)	(350.000)	(350.000)
Framlegð sem hlutfall af tekjum	21,7%	22,3%	22,4%	22,4%
Veltufé frá rekstri	584.863	609.367	614.962	617.334
Veltufé sem hlutfall af tekjum	22,0%	22,9%	23,1%	23,2%
Eigið fé	4.315.135	4.735.656	5.156.082	5.571.865
Handbært fé í árslok	137.907	284.193	456.543	670.370
Afborganir langtímalána	(138.038)	(113.081)	(92.612)	(53.507)
Ný lántaka A-B hluta	100.000	-	-	-
Langtímalán við lánastofnanir	549.510	480.753	441.907	399.739

Fjárfestingar

Helstu framkvæmdir á árinu 2018 verða áframhaldandi uppbygging á fráveitu- og hreinsimannvirkjum. Öllum er ljóst að þessi framkvæmd hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Verkefnið hefur reynst flóknara í framkvæmd en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir og einnig hefur mikil eftirspurn eftir verktökum leitt af sér tafir á framkvæmd verksins. Nú er í útboðsferli 2. áfangi fráveitu Höfn og fráveituf framkvæmda í Nesjahverfi. Áætluð verklok á þessum tveimur verkum er í maí 2018. Bygging hreinsivirkis í Óslandi var boðin út á árinu 2017 og skrifað var undir verksamning með verklokum í desember 2018. Áherslan verður á að ná saman fráveitu af hafnarsvæði í eina lögn og byggja hreinsivirki ásamt útrás og koma því í virkni. Þetta verður til mikilla umhverfisbóta fyrir sveitarfélagið. Áætlað er að 155 milljónir verði varið í fráveituf framkvæmdir hreinsivirki.

Framkvæmdir við leikskóla við Kirkjubraut 47, sem hlotið hefur nafni Sjónarhóll, klárast 25. maí 2018. 213 milljónir eru eftir samkvæmt undirrituðum verksamning. Fjárfesta þarf í einhverjum stofnbúnaði fyrir nýjan leikskóla og er unnið að samantekt á þeirri upphæð. Sú upphæð mun liggja fyrir á milli umræða.

Bygging íbúðarhúsnæðis í Örafum. Nemendum leik- og grunnskólans í Hofgarði hefur fjölgað á undanförunum árum vegna aukinna umsvifa í Örafum. Til að tryggja rekstraröryggi skólans er nauðsynlegt að sveitarfélagið hafi til umræða íbúðarhúsnæði á svæðinu.

Þær framkvæmdir sem hér hafa verið taldar upp munu taka til sín stærstan hluta af því framkvæmdarfé sem áætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir. Engu að síður eru allnokkur önnur verkefni sem huga þarf að.

Samkvæmt samþykktri endurbóta áætlun vegna Vöruhús á að fara í utanhúsviðgerði í næsta áfanga.

Við tilfærslu leikskólans í nýtt húsnæði, mun í samræmi við ákvörðun við fjárhagsáætlunargerð 2017 málefni fatlaðs fólks og heimaþjónusta fá húsnæðið að Víkurbraut 24. Einhverja breytingar þarf að gera á húsnæðinu til að það henti starfseminni.

Ekki tókst að klára malbikunarframkvæmdir nú í haust vegna veðurfars, verktaki er væntanlegur aftur á svæðið í maí.

Lagfæringar á göngustígum, gangstéttum, götum og leiksvæðum.

Velferðarráðherra samþykki nú nýlega framkvæmdaáætlun vegna byggingar hjúkrunarheimila 2018 til 2022 og er nýtt hjúkrunarheimili hér á Höfn á þeim lista. Búið er að hafa samband við ráðuneytið vegna þessa og er undirbúningur í gangi innan ráðuneytisins hvernig standa skuli þessu verkefni. Fyrstu áætlanir um byggingarkostnaður hljóða uppá 1.200 milljónir það er kostnaður við nýtt hjúkrunarheimili, breytingar á núverandi húsnæði til að taka við öðrum hlutverki og kapellu og líkgeymsla, sjúkrarými auk annarra stuðningsrýma. Samkvæmt aðgerðaráætlun Velferðarráðuneytisins er hlutur sveitarfélagsins 15% í byggingu hjúkrunarheimilis en hann er misjafn í öðrum rýmum og fer upp í að vera 100% á könnu sveitarfélagsins. Miðað við áætlaðan kostnað í allt verkið má því gera ráð fyrir að hlutur sveitarfélagsins verði um 300 til 400 milljónir sem mun að öllum líkindum dreifast á meira en eitt ár.

Lántaka og greiðslubyrði lána

Fjárhagsáætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir 100 milljóna króna lántöku. Við þessa lántöku verður skuldahlutfall sveitarfélagsins 54%. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og reglugerð um fjárhagsleg viðmið má þetta hlutfall ekki fara yfir 150%. Árin 2015, 2016 og 2017 hafa ekki verið tekin ný lán. Greiðslubyrði lána er reiknuð út frá stöðu langtímalána og skilmálum sem á þeim eru. Samtals er greiðslubyrði vegna langtímaskulda með fjármagnsgjöldum áætlaðar 138.038 þús. kr. eða um 5% af áætluðum heildartekjum ársins.

Meginstefna fjárhagsáætlunar 2018

Framtíð Sveitarfélagsins Hornafjarðar er björt, staða sveitarsjóðs er góð eins og undanfarin ár. Næg atvinnutækifæri bjóðast, við búum við stöðuga framþróun og hér er gott að búa. Íbúafjölgun hefur verið síðustu ár og von er á áframhaldandi vexti næstu árin. Þessi íbúapróun kallar á fjárfestingar í innviðum og liður í því er fjölgun leiguíbúða, bygging leikskóla, bygging nýs hjúkrunarheimilis og framtíðarlausnar á húsnæðismálum fyrir málefni fatlaðra. Framkvæmdir við fráveitu, göngustíga, leiksvæða og viðhalds eigna, eins og fram kemur í áætluninni, ber þess merki að hér er unnið að mörgum þörfum og góðum verkefnum, samfélaginu til heilla.

Björn Ingi Jónsson
bæjarstjóri